

Siðareglur og siðferði



Efnisyfirlit

Gildi	3
Inngangur	5
Skilaboð frá forstjóra	5
Látum vita ef eitthvað er að	6
Heilindi	9
Aðgerðir gegn spillingu	10
Hagsmunaárekstrar	12
Starfsreglur um gjafir, gestrisni og ferðalög	13
Sanngjörn og lögleg samkeppni	14
Peningaþvætti	15
Innherjaviðskipti	16
Fjárhagsleg heilindi	17
Eignir fyrirtækisins	18
Stefna um fylgni við alþjóðlega viðskiptahætti	20
Ytri samskipti	22
Ábyrg hegðun í stjórnámum	23
Fyrirspurnir og rannsóknir á vegum stjórnvalda	24
Árangur	25
Öruggur vinnustaður	26
Vímuefna- og áfengislaus vinnustaður	27
Gæðamál	28
Viðskiptavensl	29
Samskipti við birgja	30
Umhyggja	31
Stefna Alcoa um vinnustað án áreitni og eineltis	32
Persónuvernd	33
Mannréttindi	34
Meðtalning og fjölbreytileiki	35
Hugrekki	37
Sjálfbærni	38
Öryggi	38
Umhverfi	39
Samfélagsleg ábyrgð	40
Atriðaskrá	41



TILGANGUR OKKAR

**Nýttum tækifærin
til að ná árangri**

GILDI ALCOA

Heilindi

Árangur

Umhyggja

Hugrekki

Inngangur

Siðareglur Alcoa

Siðareglur og siðferði („Siðareglurnar“) setja fram væntingar til þess hvernig við lifum samkvæmt gildum okkar, stundum viðskipti og höfum samskipti hvert við annað og viðskiptafélaga okkar. Við erum öll ábyrg fyrir því að fylgja siðareglunum, öllum stefnum, verklagsreglum og stöðlum fyrirtækisins (sem hér er vísað til sameiginlega sem „stefnur“), og gildandi lögum og reglum, sama hvar við erum stödd í heiminum. Reglurnar gilda um alla starfsmenn, yfirmenn og stjórnarmenn Alcoa Corporation, dótturfélaga þess og fyrirtækja sem lúta stjórn þess. Aðeins endurskoðunarnefnd stjórnar getur veitt undanþágur frá ákvæðum siðareglanna og slíkar undanþágur sem gilda um stjórnarmenn og embættismenn (þar á meðal aðalframkvæmdastjóra Alcoa, fjármálastjóra, aðalbókhaldsstjóra eða ábyrgðaraðila, eða einstaklinga sem sinna svipuðum störfum) og þær undanþágur verða birtar tafarlaust á vefsíðu fyrirtækisins, www.alcoa.com.

Allir starfsmenn, yfirmenn og stjórnarmenn verða dregnir til ábyrgðar fyrir að fylgja siðareglunum og brot á þeim verða ekki liðin. Ef skilmálum reglnanna er ekki fylgt getur það leitt til agaviðurlaga, allt að og þar með talið uppsagnar á starfi. Brot á siðareglunum geta einnig verið lögbrot og geta leitt til borgaralegra og refsiverðra viðurlaga fyrir einstaklinginn, yfirmann hans og/eða Alcoa.

Ef við lendum í togstreitu á milli reglna okkar eða stefnu og laga, eða ef starfsstöð setur strangari viðmiðunarreglur en siðareglurnar, þá fylgjum við strangari staðlinum. Þeir metnaðarfullu staðlar sem Alcoa hefur sett sér veita okkur samkeppnisforskot - þeir hjálpa okkur að laða til okkar viðskiptavini, hluthafa og fyrirtaks starfsmenn - og halda þeim hjá okkur.



Hlekkir:

[Siðareglu- og reglufylgningeild](#)

[Stefnur og verklagsreglur Alcoa Corporation](#)



Á forsíðu

Myndin á kápunni er skúlptúr, „Les visages du temps“ (andlit tímans), sem er staðsettur við hliðina á aðalinngangi Baie-Comeau álversins. Skúlptúrin var settur upp árið 2007 á 50 ára afmæli Baie-Comeau álversins. Listamaðurinn er Doris Clavette, starfsmaður álversins í Baie-Comeau í Kanada, sem nú er á eftirlaunum, og skúlptúrin heiðrar starfsmenn fortíðar, nútíðar og framtíðar sem hafa stuðlað að velgengni þessarar starfsstöðvar í gegnum árin. Hægra megin við minnisvarðann er álbók með nafni hvers starfsmanns allt frá árinu 1957.

Svona lýsir Clavette listaverkinu sínu:

„Þau fjölmörgu andlit sem eru í þessu verki eru virðingarföttur til frumkvöðlanna, karla og kvenna sem byggðu álverið, og lofkvæði til allra þeirra sem halda áfram að byggja það í dag og munu gera það í framtíðinni. Allir geta séð sjálfan sig í þessum skúlptúr og samsamað sig honum

Auðvitað tákna öll 50 andlitin 50 ára sögu álversins. Andlitin eru líka tengd hvert öðru til að tákna teymisvinnu þeirra karla og kvenna sem vinna að stöðugum endurbótum á verksmiðjunni. Þá koma andlitshóparnir tveir upp úr vörum sem steyptar eru í verksmiðjunni sjálfri, þ.e. völsunarhleifum og T-hleifum. Melmisstangir mynda tengingar á milli frumefna.

Sama hvar þú stendur í kringum skúlptúrin geturðu alltaf séð nokkur andlit sameinuð. Ummál andlitanna verða sífellt minni til að minnast brautryðjendanna sem eru farnir en ekki gleymdir. Þú getur líka séð 25 andlit í vinnjettu við botninn, sem kinka kollí til fortíðar og 25 andlit í vinnjettu í átt að toppnum, sem snúa að framtíðinni.

Með staðsetningu andlitanna vildi ég túlka stolt fólksins sem vinnur að því að þróa verksmiðjuna. Þá má nefna að andlitin 50 eru í formi kúlu sem er tilvísun í jarðarkringluna og þá staðreynd að Alcoa er til staðar hvarvetna á jörðinni.“

Skilaboð frá forstjóra


Við kunnum að meta gildin okkar hjá Alcoa fyrir kraftinn sem býr í einfaldleika þeirra. Við störfum af heilindum. Við sýnum árangur í rekstri. Við berum umhyggju fyrir starfsfólki okkar. Og við leiðum af hugrekki. Gildi okkar skilgreina Alcoa og eru miðlæg í daglegri ákvarðanatöku hjá fyrirtækinu. Siðareglur okkar eru áttavittinn sem leiðbeinir því hvernig við vinnum. Þær tryggja að það er ekkert vafamál um hvers er ætlast af okkur sem starfsmenn Alcoa og hvernig við hegðum okkur.

Það er á ábyrgð hvers starfsmanns að vinna á heiðarlegan hátt og halda uppi gildum okkar og siðareglunum. Við gerum þetta með því að skuldbinda okkur til að breyta rétt, alltaf í samræmi við gildi Alcoa og byggja upp traust með viðskiptavinum okkar, hluthöfum, samfélögum og hvert öðru

Til viðbótar við siðareglurnar erum við með reglufylgniáætlun sem felur m.a. í sér góða heilindahjálparkeðju til að veita leiðbeiningar ef þú ert einhvern tíma í vafa um aðgerð, aðstæður eða ákvörðun. Hjálparkeðjan nær allt frá beinum yfirmanni þínum til framkvæmdastjórnar móðurfyrirtækisins, ásamt heilindafulltrúum, Heilindalínunni og sérfræðingum á ýmsum sviðum víðs vegar um fyrirtækið. Við líðum ekki undir neinum kringumstæðum hefndaraðgerðir gegn þeim sem tjáir sig um áhyggjumál í góðri trú.

Við hjá Alcoa væntum þess að sérhver starfsmaður sé ábyrgur fyrir hegðun sinni og orðspori fyrirtækisins um heiðarleika. Alcoa leggur metnað sinn í að vera vinnustaður þar sem allir geta notið sín til fulls.

Þakka þér fyrir vinnuna sem þú leggur af höndum til að halda gildum Alcoa á lofti og tryggja árangur okkar.



Bill Oplinger
Forstjóri (CEO)



„Við erum fyrirtæki sem starfar á hverjum einasta degi af heilindum.“

Látum vita ef eitthvað er að

Það er undir okkur hverjum og einum komið að lifa eftir gildum Alcoa og skapa opið, heiðarlegt og siðferðilegt vinnuumhverfi þar sem við finnum öll fyrir öryggi og virðingu. Þegar við lendum í aðstæðum sem brjóta gegn gildum okkar, siðareglum, stefnum, lögum eða reglugerðum ber okkur skylda til að tjá okkur og tilkynna um áhyggjuefni. Við líðum ekki hefndaraðgerðir gegn einhverjum sem tjáir sig um áhyggjumál í góðri trú.

Þín ábyrgð

- Hegðaðu þér á þann hátt sem endurspeglar skuldbindingu okkar við gildi Alcoa og heiðarlega og siðferðilega framkomu.
- Þekktu og fylgdu siðareglunum, gildandi lögum, reglum, reglugerðum og stefnum.
- Láttu vita ef eitthvað er að. Hvert okkar ber ábyrgð á að tilkynna tafarlaust um öll þekkt eða hugsanleg brot á siðareglum okkar, stefnum, lögum eða reglugerðum.
- Stuðlaðu að vinnustaðarmenningu þar sem allar hugmyndir og skoðanir eru virtar og hlustað er á spurningar og áhyggjumál og úr þeim leyst.
- Taktu þátt í rannsóknarferli með samvinnu og heiðarleika að leiðarljósi.

Hvernig á að leita aðstoðar

Þú gætir lent í aðstæðum sem valda þér áhyggjum eða þar sem valið er ekki augljóst.

Alcoa býr yfir mörgum úrræðum sem geta veitt þér aðstoð:

- Yfirmaður þinn eða leiðtogi
- Mannauðsteymi
- [Siðareglu- og reglufylgnideild](#)
- [Lögfræðideild](#)
- [Heilindafulltrúinn þinn](#)
- [Heilindalínan](#)
- Sérfræðingar á tilteknum sviðum (t.d. fjármálum fyrirtækisins, endurskoðun, alþjóðlegum öryggismálum, innkaupum)

Heilindalínan er tiltæk um allan heim fyrir þig til að leita ráða eða tjá þig um áhyggjumál, 24 tíma á dag, 7 daga vikunnar, á mörgum tungumálum.

Siðferðilegur vandi

Þegar þú stendur frammi fyrir aðstæðum sem þér finnst ekki réttar, STOPPAÐU og spurðu sjálfan þig:

A—Er lausnin í samræmi við (**Aligned with**) siðareglur og gildi Alcoa?

L—Er hún lögleg (**Legal**)?

C—Er hún samkvæmt (in **Compliance with**) stefnu og siðareglum Alcoa?

O—Ætti ég að leita ráða hjá öðrum (**Others**) áður en ég tek endanlega ákvörðun?

A—Myndi ég skammast mín (be **Ashamed**) ef ég segði fjölskyldu, vinum eða samstarfsmönnum frá gjörðum mínum?

Ef þú ert ekki viss, STOPPAÐU og LEITAÐU RÁÐA.

Háð staðbundnum lögum, hafðu samband við Heilindalínum ef þú:

- Þarft að tilkynna brot á siðareglum, stefnum, lögum, reglum eða reglugerðum.
- Þarfnast ráðleggingar eða hefur spurningu
- Vilt vekja athygli á vandamáli eða áhyggjuefni
- Vaktir athygli á vandamáli eða áhyggjuefni og varst ekki ánægð/ur með úrlausnina
- Ert óviss um hvert skal leita eftir upplýsingum
- Ert ekki viss hvort þú eigir að nota eitt af úrræðunum hér að ofan

Óháð fyrirtæki tekur við öllum tilkynntum vandamálum og áhyggjuefnum og kemur þeim tafarlaust til siðareglu- og reglufylgniteymis (E&C) Alcoa til eftirfylgni. Öllum spurningum og áhyggjuefnum er sinnt af fagmennsku og trúnaði.

Þú getur verið nafnlaus þegar þú notar Heilindalínuna eins og staðbundin lög leyfa. Sum Evrópulönd takmarka efni sem þú getur tilkynnt um og möguleika þína til að tilkynna nafnlaust og spyrja spurninga.

Krafist er þátttöku starfsmanna, samvinnu og sannsögli í rannsóknarferli.

Hvað ber mér að tilkynna?

Öll brot á starfreglum eða stefnum þarf að tilkynna. Sum málefni eru svo mikilvæg að þau verður að tilkynna til yfirmanns siðareglna og reglufylgni eða Heilindalínunnar innan sólarhrings eða eins fljótt og mögulegt er. Þessi málefni eru m.a.:

Spilling — Hvers kyns ásakanir um óeðlilegar greiðslur eða hlunnindi til opinberra embættismanna

Misferli yfirstjórnenda — Hvers kyns ásakanir um að yfirstjórnendur hafi brotið siðareglur Alcoa

Heilindi í viðskiptum — Hvers kyns ásakanir um brot á fjármálasviðum, þar með talin fjársvik, þjófnaður, skortur á eftirliti, hvers konar blekkingar í því skyni að ná fjárhagslegum eða persónulegum ávinningi, veikleikar í innra eftirliti sem bjóða upp á misbeitingu eða misnotkun kerfis eða hafa í för með sér þátttöku starfsfólks sem fer með eða stýrir innra eftirliti.

Orðsporsáhætta / Umhverfi, Heilsa og Öryggi (EHS) / Óviðeigandi tilkynning — Sérhvert mál eða ásakanir sem gætu haft í för með sér verulega orðsporsáhættu fyrir Alcoa, þar með talið meiriháttar EHS atvik, óviðeigandi skráning eða tilkynning um ófjárhagsleg gögn, raunverulegur málarekstur eða hótun um hann, og öll umtalsverð fylgnivandamál sem kunna að tengjast yfirstandandi opinberri rannsókn.

Upplýsingakerfi / Öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga — Þegar stofnað er í hættu upplýsinga- og sjálfvirkni-

Hefndaraðgerðir

Ef starfsmaður segir frá áhyggjum sínum geta eftirfarandi aðgerðir yfirmanns eða annars aðila fallið undir að vera hefndaraðgerðir:

- Uppsögn
- Stöðulækkun í starf, hlutverk eða vakt sem hentar ekki
- Órökstutt neikvætt frammistöðumat
- Aukið eftirlit
- Neikvæð svör við óskum um þjálfun eða leiðbeiningu
- Útskýfun frá teymisvinnu eða umræðum um llykilviðskipti
- Einelti

kerfum Alcoa þannig að leiði til afritunar lögverndaðra, viðkvæmra eða persónugreinanlegra upplýsinga án heimildar og/eða ef utanaðkomandi aðila tekst að ná yfirráðum eða stjórn á kerfum, eða ef um er að ræða staðfestan öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga og þörf er á ákvörðun um hvort skylt sé á að tilkynna til lögmeðtra yfirvalda.

Vinsamlegast skoðuðu Stefnu um tilkynningu mála eða hafðu samband við [Siðareglu- og reglufylgnideild Alcoa](#) ef þú hefur einhverjar spurningar.

Hefndaraðgerðir eru ekki liðnar

Alcoa er með stefnu sem bannar hefndaraðgerðir. Enginn getur gripið til aðgerða gegn þér fyrir að spyrja spurninga eða tjá þig um áhyggjuefni í góðri trú. Stjórnendur bera ábyrgð á því að teymi þeirra skilji þessa stefnu og fylgi henni.



Sp.: Fyrir nokkrum mánuðum hringdi ég í Heilindalínuna. Ég hafði komist að því að yfirmaður minn hafði reynt að taka á móti mótum frá þriðja aðila. Það fór fram rannsókn og ég held að fyrirtækið hafi gripið til agaviðurlaga. Síðan þá hefur yfirmaður minn hætt að svara tölvupóstum frá mér og útilokað mig frá teymisfundum. Það hefur áhrif á starfsanda minn og frammistöðu. Á ég bara að þegja og vona að ástandið lagist?

Sv.: Nei. Aðgerðir yfirmanns þíns geta verið hefndaraðgerðir og ætti að rannsaka þær. Hafðu samband við einhvern af þeim aðilum sem eru taldir upp í hjálparkeðjunni í siðareglunum til að tilkynna málið.

Ef þér finnst að þú eða einhver samstarfsmanna þinna sæti hefndaraðgerðum skaltu tilkynna slíkt án tafar. Alcoa bannar hefndaraðgerðir gegn starfsmanni sem í góðri trú tilkynnir fyrirtækinu um hugsanlegar misgjörðir, eða sem veitir löglega upplýsingar til, svarar fyrirspurn frá eða aðstoðar á annan hátt við rannsókn ríkisstjórnar, löggæslu eða eftirlitsyfirvalda um hugsanlegt brot á lögum. Alcoa tekur allar ásakanir um hefndaraðgerðir alvarlega og mun rannsaka þær hratt og örugglega. Ef fyrirtækið kemst að því að hefndaraðgerðir hafi átt sér stað verður gripið til viðeigandi agaviðurlaga.

Hvar getur þú leitað aðstoðar?

Stefnur og verklag

Hægt er að nálgast stefnur og verklag fyrirtækisins á [síðu um stefnur og verklag á MyAlcoa](#).

Heilindahjálparkeðjan

Til þess að fá meiri upplýsingar um siðareglurnar eða væntingar okkar, getur þú haft samband við hvern sem er af þessum tengiliðum:

- Yfirmaður þinn eða leiðtogi
- Mannauðsteymi
- [Siðareglu- og reglufylgnideild](#)

Tölvupóstfang: EthicsandCompliance@alcoa.com

Póstfang:

Alcoa Ethics and Compliance Organization
201 Isabella Street
Pittsburgh, Pennsylvania 15212
United States of America

- [Lögfræðideild](#)
- [Heilindafulltrúinn þinn](#)
- [Heilindalínan](#)
 - Vefsíða: <https://secure.ethicspoint.com/domain/media/en/gui/29154/index.html>
 - Símanúmer (vinsamlegast sjáðu símanúmer fyrir hvert land hér fyrir neðan)
 - Ath. að sum Evrópulönd takmarka efni sem þú getur tilkynnt um og möguleika þína til að tilkynna nafnlaust og spyrja spurninga.
- Sérfræðingar á tilteknum sviðum (t.d. fjármálum fyrirtækisins, endurskoðun, alþjóðlegum öryggismálum, innkaupum)

Símanúmer Heilindalínunnar

Ástralía

1-800-00-2806

Brasilía

0800-891-2552

Kanada

Enskumælandi:

800-346-7319

Frönskumælandi:

866-269-7644

Kína

400-601-5382

Ungverja-land:

068-098-2577

Ísland

800-8301

Ítalía

800-784-622

Holland

0800-022-4053

Noregur

800-12-410

Sadí-Arabía

800-844-0846

Spánn

900-95-1247

Súrínám

Skref 1

Hringdu í 156
Þá heyrir þú
upptöku (á
ensku) þar sem
þú ert beðin/n
að færa inn
númerið sem þú
ætlar að hringja
í.

Skref 2

Sláðu inn númerið
866-269-7649

Sviss

0800-56-4358

Bandaríkin

1-800-346-7319



Hlekkir:

[Stefna gegn hefndaraðgerðum](#)
[Heilindalínan](#)
[Stefna um tilkynningu mála](#)



Heilindi

Aðgerðir gegn spillingu

Við keppum um verðmæti vöru okkar og þjónustu og þolum ekki hvers kyns mútur eða spillingu - óháð staðbundnum síðum eða venjum. Þó að alþjóðleg viðskiptalög séu flókin og geti breyst, mundu að sama hvar í heiminum þú vinnur, þá eru til lög eða stefna sem banna mútur sem eiga við þig.

Þín ábyrgð

- Fylgdu stefnu og verklagsreglum Alcoa gegn spillingu og öllum viðeigandi lögum gegn spillingu, þar með talið bandarískum lögum um spillingu í alþjóðaviðskiptum og bresku mútulögum, sem gilda um starfsemi okkar um allan heim.
- Þróaðu skilning á því hvernig skuli þekkja aðstæður sem geta bent til spillingar.
- Aldrei bjóða eða gefa mútur og aldrei biðja um eða þiggja mútur.
- Hafðu samskipti við embættismenn á viðeigandi hátt - mútulög eru oft strangari þegar unnið er með opinberum embættismönnum.
- Fylgdu áreiðanleikakönnun og samningsferli Alcoa fyrir milliliði þegar þú ræður aðra til að koma fram fyrir hönd Alcoa. Allir milliliðir verða að vera samþykktir, undir eftirliti og fylgja siðareglum Alcoa.
- Ekki inna af hendi greiðslur til að „liðka fyrir“ stjórnslu. Þetta eru litlar greiðslur til embættismanna til að hvetja þá til að framkvæma aðgerðir sem þeim er þegar skylt að framkvæma, svo sem að tollafgreiða vörur eða gefa út leyfi. Eina undantekningin er þegar þú telur að þú sért í yfirvofandi persónulegri hættu. Í þannig tilviki skaltu gera það sem þarf til að koma þér á öruggan hátt úr aðstæðum og tilkynna það tafarlaust til lögfræðideildar Alcoa.



Hvað eru mútur?

Mútur eru að bjóða, gefa eða þiggja eitthvað sem er verðmætt (sama hversu lítið sem það er) í því skyni að hafa óviðeigandi áhrif á viðskipta-ákvörðun og skapa ósannjarnt viðskiptaforskot. Þetta getur falið í sér:

- Reiðufé, gjafakort eða gjafabréf
- Gjafir, skemmtun og gestrisni
- Greiðslu ferðakostnaðar - sérstaklega þegar enginn skýr viðskiptatilgangur er fyrir ferðina
- Lán
- Framlag til stjórnmála
- Ívilnanir, eins og að „leggja inn gott orð“ fyrir einkaskólaumsókn barns
- Tilboð um atvinnu

Hver telst opinber embættismaður?

Við megum aldrei taka þátt í nokkurri starfsemi sem gæti verið túlkuð sem óviðeigandi áhrif á embættismann. Það eru strangar reglur sem gilda um samskipti okkar við opinbera embættismenn. Staða þeirra sem embættismenn er ekki alltaf augljós. „Opinberir embættismenn“ eru meðal annars:

- Embættismenn og starfsmenn á öllum stigum hins opinbera
- Hermenn
- Frambjóðendur í opinberar stöður og til ábyrgðarstarfa í tjórnmalaflokkum
- Starfsmenn fyrirtækja sem eru í eigu eða lúta undir stjórn hins opinbera, þar á meðal félög í samrekstri
- Starfsmenn og embættismenn alþjóðlegra opinberra stofnana
- Formlegir eða óformlegir leiðtogar frumbyggjasamfélaga



Sp.: Ríkisstarfsmaður bauð mér í fjáröflun fyrir uppáhalds góðgerðarmálið sitt. Góðgerðarfélagið hefur látið gott af sér leiða og ég held að framlag myndi styrkja viðskiptasamband okkar. Má ég kaupa miða og gefa framlag?

Sv.: Við megum aldrei veita einstaklingi eitthvað sem er verðmætt til að hafa áhrif á viðskipta-ákvörðun. Þó að góðgerðarframlag virðist ekki gagnast embættismanninum beint, getur það gagnast þeim óbeint, svo sem með því að hækka stöðu hans eða hennar í samfélaginu eða bæta möguleika á endurkjöri. Þar sem reglur um mútur til embættismanna eru strangar og erfiðar yfirferðar skaltu hafa samband við lögræðideild Alcoa eða siðareglur og reglufylgni til að fá sérstakar leiðbeiningar.



Hlekkir:

[Stefna gegn spillingu](#)

[Starfsreglur um framlög til góðgerðarmála](#)

[Starfsreglur um áreiðanleikakönnun og samningagerð við milliliði](#)

[Starfsreglur um gjafir, gestrisni og ferðalög](#)

Hagsmunaárekstrar

Við berum öll ábyrgð á því að forðast hagsmunaárekstra. Hagsmunaárekstrar eiga sér stað þegar einkahagsmunir okkar eða aðgerðir stangast á við – eða virðast stangast á við – hagsmuni fyrirtækisins. Við verðum alltaf að vera gagnsæ um utanaðkomandi starfsemi og sambönd. Oft er hægt að forðast átök eða leysa mál með opinni og heiðarlegri umræðu. Allir stjórnarmenn, yfirmenn og starfsmenn verða að meðhöndla á siðferðilegan hátt (og þegar mögulegt er, að forðast) hugsanlega, raunverulega eða augljósa hagsmunaárekstra milli persónulegra og faglegra tengsla sem gætu – eða virðast gætu – haft áhrif á ákvarðanir þeirra.

Þín ábyrgð

- Komdu á framfæri hugsanlegum hagsmunaárekstrum til yfirmanns þíns og siðareglu- og reglufylgnideild Alcoa.
- Berðu kennsl á aðstæður og persónuleg tengsl sem gætu gert þér erfitt að vera hlutlæg/ur.
- Forðastu að taka að þér utanaðkomandi vinnu eða viðskipti sem gætu haft áhrif á frammistöðu þína hjá Alcoa.
- Ekki vera í samkeppni við Alcoa.
- Gríptu aldrei viðskiptatækifæri sem þú heyrir um í starfi þínu hjá Alcoa.
- Notaðu aldrei eignir Alcoa, einkaupplýsingar eða stöðu þína hjá Alcoa til persónulegs ávinnings.
- Ef þú heldur einhvern tíma að þú gætir átt í mögulegum eða raunverulegum hagsmunaárekstrum skaltu upplýsa það tafarlaust til yfirmanns þíns, lögfræðideildar Alcoa eða siðareglu- og reglufylgnideildina.



Sp.: Dóttir mín vinnur hjá Alcoa í annarri deild. Gæti það valdið togstreitu?

Sv.: Það eru mörg tilvik hjá okkur þar sem fjölskyldumeðlimir og aðrir í nánnum persónulegum tengslum vinna fyrir Alcoa. Þar sem allar aðstæður eru einstakar, ættir þú að tilkynna stöðuna til yfirmanns þíns sem og siðareglu- og reglufylgnideildar. Í mörgum tilfellum eru engir hagsmunaárekstrar; hins vegar er mikilvægt að vera gagnsær varðandi sambönd.



Hlekkir:

[Stefna um hagsmunaárekstra](#)

[Verklag um stjórnarsetu starfsmanna hjá öðrum fyrirtækjum sem rekin eru í hagnaðarskygni](#)

Gjafir, gestrisni og ferðalög

Gjafir, gestrisni og ferðalög geta byggt upp viðskiptavild og styrkt viðskiptasambönd. Þessi velvildarmerki (svo sem vörur, greiðar, fríðindi, heiðurslaun, þjónusta, máltíðir, afþreying, skemmtun, gisting, aðgangsmiðar, ferðalög, atvinnutilboð o.s.frv.) eru algeng og þeirra er vænst í mörgum menningarheimum. Á sama tíma geta þau skapað raunverulegar eða skynjaðar áhyggjur af persónulegum heilindum. Það er mikilvægt að forðast allt sem skapar óviðeigandi viðskiptahagræði eða virðist jafnvel hafa áhrif á viðskiptamat einhvers.

Þín ábyrgð

- Fylgdu ávallt starfsreglum okkar um gestrisni, gjafir og ferðalög
- Hafðu í huga að gjafir, gestrisni og ferðalög fyrir opinbera starfsmenn krefjast sérstaks samþykkis.
- Afbakkaðu kurteislega allar gjafir, gestrisni eða ferðalög sem eru ekki í samræmi við reglur okkar og láttu yfirmann þinn vita.

Hvað á að hafa í huga þegar ég vil bjóða eða þiggja gjöf, gestrisni eða ferðalög?

Haltu áfram ef það er:

- ✓ Löglegt og í samræmi við gildi okkar, staðbundna siði og stefnu allra hlutaðeigandi
- ✓ Gefið í lögmætum viðskiptatilgangi
- ✓ Sanngjarnt, ekki íburðarmikið - og ekki veitt reglulega
- ✓ Samþykkt og skjalfest nákvæmlega í viðskiptaskrá okkar

STOPPAÐU þegar það er:

- ✗ Boðið með reiðufé eða jafnvirði, svo sem gjafakorti eða gjafabréfi
- ✗ Boðið eða móttekið í þeim tilgangi að hafa áhrif á viðskiptavild
- ✗ Til skammar fyrir þig, Alcoa, eða einhvern annan
- ✗ Opinber embættismaður á í hlut. Gakktu úr skugga um að viðeigandi samþykkisferli hafi verið fylgt í samræmi við gjafir, gestrisni og ferðalög



Sp.: Söluaðili hefur boðið mér á upplýsinganámskeið um nýja vöru, síðan er kvöldverður og íshökkíleikur. Ætti ég að fara?

Sv.: Það getur verið við hæfi að mæta á námskeiðið, en ræddu allt varðandi boðið við yfirmann þinn eða siðareglu- og reglufylgnideild til að ákvarða hvort það sé sanngjarnt, hafi viðskiptatilgang og það séu engir raunverulegir eða skynjaðir hagsmunaaðrekstrar. Hafðu í huga að ef söluaðilinn keppir um viðskipti Alcoa um þessar mundir, þá er ekki við hæfi að þiggja gjafir, gestrisni eða skemmtun á meðan ákvörðun er óafgreidd.



Hlekkir:

[Stefna gegn spillingu](#)
[Starfsreglur um gjafir, gestrisni og ferðalög](#)

Sanngjörn og lögleg samkeppni

Sanngjörn og opin samkeppni kemur Alcoa, viðskiptavinum okkar og samfélögum til góða. Við keppum um viðskipti af hörku, heiðarleika og eingöngu á verðleikum vöru okkar og þjónustu. Samkeppnis- og einokunarlög eru flókin og ef ekki er farið eftir þeim getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir Alcoa sem og þá einstaklinga sem í hlut eiga.

Þín ábyrgð

- Skildu hvernig samkeppnislög eiga við um starf þitt og leitaðu leiðsagnar frá lögfræðideild Alcoa þegar þú hefur spurningar.
- Fáðu samþykki frá yfirmanni þínum áður en þú hittir einhvern sem er í samkeppni við okkur. Þetta á við um fagfélög, iðnaðar- og birgjaráðstefnur, þjálfun, samrekstur og tækninefndir.
- Aldrei eiga samskipti við samkeppnisaðila um:
 - Verð eða atriði sem hafa áhrif á verð, svo sem greiðsluskilmálar eða aðrir samningsskilmálar
 - Viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini
 - Kjarasamninga
 - Framleiðslumagn eða birgðastig
 - Markaðshorfur, þar á meðal skoðanir á framboði og eftirspurn
 - Tilboð eða tilboðsferli okkar
 - Að skipta á milli ykkar framleiðslu, sölusvæði, vörum, viðskiptavinum eða birgjum
- Ekki stunda blekkingar eða njósnir til að fá upplýsingar um keppinauta okkar.



Sp.: Mig langar til að mæta á fund hjá starfsgreinasambandi.

Ég veit að samkeppnisaðilar verða þarna. Er eitthvað sem ég þarf að passa sérstaklega upp á?

Sv.:Ræddu fyrst fundinn við yfirmann þinn. Þú og yfirmaður þinn verðið að veða verðmæti þess að mæta á móti áhættunni sem fylgir væntanlegu sambandi við keppinauta. Vertu varkár í öllum samræðum við tengiliði þína á fundinum, jafnvel þótt um félagslegan viðburð er að ræða, svo og í tilviljunarkenndum samtölum. Aldrei ræða verð, kostnað, sölu, hagnað, framleiðslustig eða önnur samkeppnisefni. Ef þau koma upp skaltu hætta samtalinu og gera öllum viðstöddum ljóst að efnið er ekki viðeigandi. Yfirgefðu staðinn og hafðu samband við lögfræðideild Alcoa.



Hlekkir:

[Stefna um fylgni við samkeppnislöggjöf](#)

Peningaþvætti

Við förum eftir lögum um peningaþvætti um allan heim. Peningaþvætti á sér stað þegar fyrirtæki eða einstaklingar reyna að leyna eða dylja ágóða af ólögum starfsemi með því að færa hann á þann hátt sem leynir uppruna sínum og lætur hann líta út fyrir að vera lögmætur. Alla starfsemi okkar þarf að vernda gegn notkun slíkra fjármuna til að greiða fyrir vörur og þjónustu Alcoa.

Þín ábyrgð

- Þegar greitt er til eða tekið við fjármunum frá þriðja aðila skal fylgja fjármálastefnu og verklagsreglum Alcoa.
- Hafðu samband við lögfræðideild Alcoa ef þú hefur grun um óviðeigandi starfsemi.



Peningaþvætti

Vertu vakandi fyrir aðstæðum sem virðast grunsamlegar eða gætu bent til þess að einhver sé að nota eða vilji nota viðskipti sín við Alcoa til peningaþvættis, eins og:

- Óskað er eftir greiðslum í reiðufé eða ígildi reiðufjár
- Greiðslur framkvæmdar af þriðja aðila í þágu viðskiptavinar
- Greiðslur inntar af hendi í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem tilgreindir eru í samningnum
- Greiðslur millifærðar af óvenjulegum reikningi sem ekki er viðskiptatengdur
- Óvenjulegar millifærslur til eða frá löndum sem ekki tengjast viðskiptunum
- Viðskiptavinir sem eru tregir til að veita upplýsingar um eignarhald sitt eða virðast ákafir í að forðast kröfur okkar um skráningu

Láttu lögfræðideild Alcoa tafarlaust vita ef þú lendir í einhverjum af þessum aðstæðum.



Hlekkir:
[Stefna gegn spillingu](#)

Innherjaviðskipti

Þótt Alcoa kunni að deila upplýsingum með ákveðnum starfsmönnum til að gera þeim kleift að sinna störfum sínum, erum við ekki alltaf tilbúin að birta þær upplýsingar til almennings. Ef þú færð vitneskju um upplýsingar sem líklegt er að muni hafa áhrif á verð hlutabréfa Alcoa eða annarra verðbréfa þegar almenningi verður kunnugt um þær, ertu með mikilvægar óopinberar upplýsingar. Viðskipti með mikilvægar óopinberar upplýsingar og miðlun efnislegra óopinberra upplýsinga til annarra brjóta í bága við stefnu Alcoa og geta verið ólögleg.

Þín ábyrgð

- Ef þú ert innherji (starfsmaður er innherji) sem býr yfir mikilvægum óopinberum upplýsingum skaltu ekki kaupa eða selja hlutabréf í Alcoa nema Alcoa hafi birt upplýsingarnar opinberlega.
- Aldrei eiga viðskipti með verðbréf nokkurs annars fyrirtækis á grundvelli mikilvægra óopinberra upplýsinga um það fyrirtæki sem fengnar voru í gegnum vinnu þína hjá Alcoa fyrir en þær hafa verið birtar almenningi.
- Ekki deila mikilvægum óopinberum upplýsingum með neinum öðrum, þar á meðal samstarfsmönnum, fjölskyldumeðlimum eða vinum sem þurfa ekki að fá upplýsingarnar sem hluta af starfi þeirra fyrir Alcoa.
- Fylgdu öllum takmörkunum og viðmiðunarreglum sem gilda um viðskipti þín með Alcoa verðbréf.
- Hafðu samband við yfirmann þinn eða lögfræðideild Alcoa ef þú hefur einhverjar spurningar.



Sp.: Ég vil kaupa hlutabréf í Alcoa samkvæmt Alcoa sparnaðar- eða annarri ávinningsáætlun.

Gilda reglur um innherjaviðskipti?

Sv.: Já. Þú þarft að vera vakandi fyrir innherjaviðskiptum þegar þú kaupir eða selur verðbréf Alcoa. Þú getur aðeins millifært peninga inn eða út úr Alcoa hlutabréfasjóðnum í Alcoa sparnaðaráætlun eða annarri ávinningsáætlun þegar þú ert ekki með mikilvægar óopinberar upplýsingar og engar takmarkanir á „myrkvun“ eru fyrir hendi.



Hlekkir:
[Stefna um innherjaviðskipti](#)

Fjárhagsleg heilindi

Bókhald, skrár og reikningar Alcoa verða að endurspegla á nákvæman og sanngjarnan hátt öll viðskipti og starfsemi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og staðla, stefnur Alcoa og fjármálastjórnunarhandbók. Þó að meðlimir fjármálateymisins okkar hafi sérstakar skyldur, berum við öll ábyrgð á því ferli að skrá rekstrarniðurstöður og viðhalda tengdum gögnum.

Þín ábyrgð

- Gakktu úr skugga um að allar upplýsingar og viðskiptaskrár sem þú útbýrð, vinnur úr eða samþykkir séu nákvæmar, fullkomnar og í samræmi við gildandi lög, staðla og verklagsreglur.
- Gríptu aldrei til nokkurra aðgerða, beint eða óbeint, til að þvinga, hagræða, villa um fyrir eða hafa sviksamleg áhrif á óháðan endurskoðanda Alcoa sem tekur þátt í endurskoðun eða úttekt á reikningsskilum fyrirtækisins.
- Geymdu öll skjöl og sönnunargögn sem sýna hið sanna eðli viðskipta.
- Nýttu allt innra eftirlit og verklag, jafnvel þótt þú teljir að það væri skaðlaust eða myndi spara tíma ef farið væri framhjá þeim.
- Vertu alltaf í samstarfi við innri og ytri endurskoðendur Alcoa og vertu hreinskilin/n og heiðarleg/ur við þá.
- Aldrei fela eða eyða gögnum til að forðast birtingu í réttarhöldum eða opinberri málsmeðferð.
- Kynntu þér skjalastjórnunarstefnur okkar og varðveislúáætlanir sem eiga við um skjöl og upplýsingar á hvaða formi sem er, þar með talið rafræn og pappír safrit.
- Fylgdu leiðbeiningum sem þú færð frá lögræðideild Alcoa til að varðveita skjöl, svo sem nauðsynlegar vistanir í yfirstandandi eða væntanlegum málaferlum og rannsóknum eða endurskoðunum stjórnvalda.
- Halda skal nákvæmt bókhald og skrár yfir viðskipti Alcoa í samræmi við lög, reglugerðir og staðla, stefnu Alcoa og fjármálastjórnunarhandbók.

Hvað er viðskiptaskrá?

Allar upplýsingar eða skjöl sem varða viðskipti eru viðskiptaskrár. Höfuðbók Alcoa er ein tegund viðskiptaskráa, en það eru líka:

- Reikningar
- Uppgjör ferðakostnaðar
- Tímaskýrslur
- Tölvupósts- og talhólfssamskipti
- Framleiðsluskýrslur og prófunarniðurstöður
- Öryggisskrár



Sp.: Yfirmaður minn bað mig um að senda pöntun fyrir umbeðinn sendingardag viðskiptavinarins. Hún sagði að þetta myndi gera okkur kleift að ná sölumarkmiðum okkar fyrir þann ársfjórðung. Er í lagi að halda áfram með sendinguna?

Sv.: Nei. Við getum ekki látið það viðgangast að vörur séu sendar fyrir umbeðinn sendingardag viðskiptavinarins. Til að breyta sendingardagsetningu verðum við fyrst að fá skriflegt leyfi viðskiptavinarins. Ef yfirmaður þinn krefst þess að þú afgreiðir sendinguna, skaltu ekki halda áfram og hafa strax samband við einhvern í hjálparkeðjunni sem birt er í siðareglunum.



Hlekkir:

[Stefna gegn spillingu](#)
[Tilkynningaferli fyrir fjársvik](#)
[Handbók um fjármálastjórnun](#)
[Reglur Alcoa um skjalastjórnun.](#)

Eignir fyrirtækisins

Hvert okkar er ábyrgt fyrir því að standa vörð um eignir Alcoa, þar á meðal trúnaðarupplýsingar eða eignaupplýsingar Alcoa og hugverkaréttindi, svo og eignir og auðlindir sem viðskiptafélagar okkar hafa falið okkur. Ábyrg notkun á eignum Alcoa gerir okkur kleift að umbreyta hugmyndum í verðmæti, taka virkan þátt í samkeppni og viðhalda trausti hagsmunaaðila okkar.

Þín ábyrgð

- Haltu trúnaðarupplýsingum leyndum, nema annað sé heimilað eða birtingar sé löglega krafist.
- Verndaðu allar eignir gegn þjófnaði, tapi, skemmdum eða misnotkun.
- Á ferðalögum skaltu ekki fara með trúnaðarupplýsingar eða tæki Alcoa inn í lönd þar sem hættan á gagnabjófnaði er mikil án viðeigandi skriflegs leyfis. Starfsmaður sem hyggst ferðast á milli landa ber að tryggja að landið sem hann ferðast til sé ekki á valista yfir lönd með mikla áhættu vegna gagnabjófnaðar (sjá „[Global Security](#)“ síðuna). Ef landið er á listanum skal starfsmaður hafa samband við [Ty Sellers](#), framkvæmdastjóra öryggismála Alcoa, áður en ferðin hefst.
- Ekki nota eignir í eigin þágu, eða í þágu annarra, án viðeigandi skriflegs leyfis.
- Tryggðu að eignir Alcoa séu aldrei notaðar í ólöglegum tilgangi.
- Merktu, flokkaðu, tryggðu, meðhöndlaðu og fargaðu eignum, þ.m.t. trúnaðarupplýsingum, á réttan hátt.
- Mundu að trúnaðarskyldur þínar halda áfram eftir að þú yfirgefur Alcoa; öllum Alcoa upplýsingum (hvort sem þær eru á rafrænu formi eða á pappírformi) verður að skila áður en þú ferð, hvort sem þær upplýsingar eru geymdar á Alcoa tæki eða annars staðar (þar á meðal á persónulegu tæki eða tölvupóstreikningi).
- Gerðu þér grein fyrir því að upplýsingar í Alcoa tæki, þar á meðal tölvupósti, eru eign Alcoa og verða ekki meðhöndluð sem einkasamskipti, nema samkvæmt lögum.
- Aldrei biðja nýja starfsmenn um að veita trúnaðarupplýsingar frá fyrri vinnustað.
- Hafðu samband við lögfræðideild Alcoa með allar spurningar eða áhyggjur.

Hvað telst vera trúnaðarupplýsingar eða einkaupplýsingar?

Það eru upplýsingar sem samkeppnisaðilar kunna að hafa hag af eða skaða Alcoa ef þær eru birtar. Hér eru nokkur dæmi:

- Upplýsingar um framleiðsluferla okkar, rannsóknir og tæknigögn
- Viðskiptaupplýsingar eins og upplýsingar um viðskiptavini, verðlagningu og markaðsáætlanir
- Raunverulegar og fyrirhugaðar viðskiptaáætlanir, þar með talið vöruþróun
- Fjárhagsgögn
- Upplýsingar sem tengjast starfsmönnum
- Einkaupplýsingar þriðja aðila sem Alcoa hefur samþykkt að halda leyndum


Nokkrar viðmiðunarreglur þegar þú ert beðin/n um að veita upplýsingar:

Haltu áfram og veittu þær þegar þú ert viss:

- ✓ Upplýsingarnar eru ekki trúnaðarmál, viðkvæmar eða bundnar einkarétti og samstarfsmaður þinn hjá Alcoa þarf upplýsingarnar til að geta sinnt starfi sínu
- ✓ Yfirmaður þinn hefur heimilað þér að deila trúnaðarupplýsingunum og allir nauðsynlegir trúnaðarsamningar eru til staðar

Stöðvaðu og biðu um leiðbeiningar þegar:

- ✗ Þú veist ekki hvort upplýsingarnar eru trúnaðarmál, viðkvæmar eða réttindavarðar
- ✗ Upplýsingarnar eru merktar eða flokkaðar sem trúnaðarmál



Hlekkir:



[Stefna Alcoa um ásættanlega tölvunotkun](#)

[Persónuverndarstefna Alcoa](#)

[Verklag fyrir notkun vörumerkis Alcoa](#)

Stefna um fylgni við alþjóðlega viðskiptahætti

Þar sem Alcoa starfar bæði í innflutningi og útflutningi vöru, þarf fyrirtækið að fylgja mjög flóknum reglugerðum sem eru breytilegar milli landa. Ef Alcoa fer ekki eftir viðeigandi reglugerðum geta afleiðingarnar verið þær að fyrirtækið þurfi að borga háar sektir og starfsemi þess getur beðið skaða. Starfsmenn Alcoa sem vinna við innflutning og útflutning bera ábyrgð á því að tryggja að farið sé eftir bandarískum og alþjóðlegum lögum og reglugerðum, sem og stefnum Alcoa varðandi inn- og útflutning á vörum, tækni og þjónustu. Í öllum tilvikum verðum við að tilkynna nákvæmlega og opinskátt um inn- og útflutningsstarfsemi okkar.

Þín ábyrgð

- Fylgstu með lögum og reglum um viðskipti og hafðu í huga að reglurnar eru flóknar og geta breyst.
- Fáðu nauðsynleg leyfi og samþykki áður en þú flytur út eða flytur inn vörur, tækni eða þjónustu.
- Þekktu og fylgdu núverandi takmörkunum varðandi:
 - Viðskipti og fjárhagsleg samskipti við tiltekin lönd, einstaklinga, hópa og stofnanir.
 - Sölu á tilteknum vörum, tækni og/eða þjónustu, sem getur verið háð fyrirhugaðri notkun þeirra og fyrirhuguðum notendum.
 - Samskiptareglur varðandi viðskiptastarfsemi milli bandarískra og annarra einstaklinga, bæði í Bandaríkjunum og erlendis.
 - Skilja bandarísk lög og reglugerðir um viðskiptabann sem banna að taka þátt í sniðgöngu sem ekki er leyfð eða heimiluð af Bandaríkjunum. Hafðu samband við [Skrifstofu Alcoa fyrir hnattræna viðskiptareglufylgni](#) ef þú verður var/vör við einhver samskipti eða skjöl með beiðni um upplýsingar varðandi land eða fyrirtæki sem viðskiptabann ríkir um
 - Verndun öryggis vara okkar, frá því að vara er tilbúin til sendingar í gegnum flutningskeðjuna, þar til hún kemur á fyrirhugaðan áfangastað.

Hvað er útflutningur?

Sending vöru yfir landamæri er útflutningur sem gæti verið háður leyfis- og samþykkiskröfum og viðskiptahömlum. Útflutningur getur einnig falið í sér:

- Að senda upplýsingar eða tækni í tölvupósti yfir landamæri – jafnvel til annars starfsmanns Alcoa eða vinnufélaga í verksmiðjunni þinni sem er á ferðalagi í öðru landi.
- Að deila tækniupplýsingum á skrifstofunni þinni með hverjum þeim sem er ekki ríkisborgari eða útlendingur með fasta búsetu í þínu eigin landi (svokallað „deemed export“).
- Ferðalög til annarra landa með vörur eða tækni—þar á meðal fartölvur og innihald þeirra á borð við rekstrarhugbúnað og tæknilegar upplýsingar
- Að veita aðila, sem er ekki ríkisborgari eða einstaklingur með fasta búsetu í þínu landi, aðgang að útflutningsstýrðri tækni, þar á meðal að birta upplýsingar á vefsíðu.



Sp.: Ég vinn við rannsóknir og þróun og nota fartölvu þegar ég ferðast í viðskiptatengdum tilgangi. Hvaða varúðarráðstafanir ætti ég að gera?

Sv.: Hafðu fartölvuna þína ávallt nálægt þér á öruggum stað. Þegar þú ferð til annars lands skaltu athuga stöðuna hjá viðskiptaregludeild okkar. Mundu að þú getur ekki flutt út tækni með takmörkunum án viðeigandi útflutningsleyfa stjórnvalda og annars samþykkis stjórnvalda.



Hlekkir:
[Stefna um fylgni við alþjóðlega viðskiptahætti](#)

Ytri samskipti

Sem skráð hlutafélag er Alcoa háð reglum og leiðbeiningum um opinbera birtingu upplýsinga. Við erum í viðeigandi samskiptum m.a. við hluthafa, verðbréfasérfræðinga og fjölmiðla, og forðumst sértækar upplýsingar sem gætu veitt hvaða aðilum sem er ósanngjarnt forskot. Aðeins tilnefndir einstaklingar hafa heimild til að tala fyrir hönd Alcoa.

Þín ábyrgð

- Trygðu að allar skýrslur og skjöl sem skilað er inn til verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna (Securities and Exchange Commission) eða annarrar opinberrar stofnunar, sem og allar aðrar opinberar yfirlýsingar, skulu innihalda heildstæðar, sanngjarnar, nákvæmar og tímanlegar upplýsingar.
- Vísaðu beiðnum frá fjölmiðlum og spurningum frá fjárfestum eða fjármálasamfélaginu til viðeigandi fulltrúa fyrirtækjasamskipta eða fjárfestatengsla.
- Forðastu að gefa yfirlýsingar, þar sem þú talar, eða virðist tala fyrir hönd Alcoa.
- Áður en þú samþykkir að taka þátt í viðskiptaráðstefnu, halda kynningu eða leggja fram athugasemdir við birtar greinar skaltu fá samþykki frá yfirmanni þínum, fyrirtækjasamskiptum og í sumum tilfellum, lögfræðideild Alcoa, samkvæmt stefnu um fjölmiðla og samskipti út á við.

Notkun samfélagsmiðla á ábyrgan hátt

Til þess er ætlast að starfsmenn Alcoa noti skynsemi og fylgi gildum Alcoa þegar þeir nota samfélagsmiðla. Þetta á við um færslur um viðskipti, fólk, markaði, viðskiptavini, birgja, samstarfsaðila eða starfsemi Alcoa. Fylgdu þessum viðmiðunarreglum:

- Lestu og farðu eftir stefnu Alcoa um samfélagsmiðla
- Mundu að samfélagsmiðlastefna okkar gildir hvort sem þú notar reikninga og búnað Alcoa eða þinn eigin.
- Gerðu þér grein fyrir því að friðhelgi einkalífsins er ekki raunverulega til í heimi samfélagsmiðla - hægt er að afrita, prenta, framsenda eða geyma færslur.
- Tilkynntu allar þær færslur á netinu eða umræður sem tengjast fyrirtækinu og þú telur að séu rangar eða ekki í samræmi við gildi og/eða stefnur Alcoa



Sp.: Í gærkvöldi sá ég í færslum á vefnum ónákvæmar upplýsingar um áætlanir og horfur Alcoa. Má ég svara þessum rangfærslum og leiðrétta þær?

Sv.: Nei. Þú ættir ekki að svara nema þú hafir fengið skýra heimild til að tala fyrir hönd Alcoa. Í staðinn skaltu vekja athygli yfirmanns þíns, fyrirtækjasamskipta eða lögfræðideildar Alcoa á færslunni.



Hlekkir:
[Stefna um fjölmiðla og samskipti út á við](#)
[Stefna um fjármálatengd samskipti](#)
[Reglur varðandi samfélagsmiðla](#)

Ábyrg hegðun í stjórnmálum

Alcoa virðir rétt starfsmanna okkar og annarra til þátttöku í stjórnmálastarfi og hvetur til borgaralegrar þátttöku. Við erum fjölbreytt fyrirtæki og virðing fyrir þessum fjölbreytileika í öllum sínum myndum, þar á meðal pólitískum skoðunum annarra, er nauðsynleg til að ná árangri. Við erum staðráðin í að fara að fullu eftir öllum reglum sem gilda um þátttöku okkar í stjórnmálastarfi.

Þín ábyrgð

- Alcoa leggur yfirleitt ekki framlag til stjórnmálaflokka, embættismanna sem gegna opinberu embætti eða einstaklinga sem sækjast eftir opinberum störfum, eða vegna kosninga eða þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef framlög eru innt af hendi verður að fylgja stefnum okkar til að tryggja að farið sé að öllum lögum.
- Hafðu í huga að handbært fé og ígildi reiðufjár eru ekki einu framlagsformin. Aðrar gerðir fela í sér að heimila að eignir eða aðstaða Alcoa séu notuð í þágu einstaklings sem sækist eftir opinberum störfum, eða fyrir hvaða stjórnmálaflokk sem er, eða starfsmaður sem sinnir hvers kyns þjónustu fyrir einstakling eða stjórnmálaflokk á vinnutíma Alcoa.
- Ráðfærðu þig við „Government Affairs“ skrifstofu Alcoa áður en þú átt samskipti við embættismenn eða starfsmenn stjórnvalda eða stjórnmálaflokka.
- Gakktu úr skugga um að hvers kyns hagsmunastarfsemi sem gerð er fyrir hönd Alcoa hafi verið samþykkt af ofangreindri skrifstofu Alcoa og uppfylli öll viðeigandi lög og skýrsluskil.



Forðastu að gera þessi mistök...

- Að nota tíma eða fjármagn fyrirtækisins (þ.e. reiðufé, eignir og aðstöðu) til að styðja persónulega stjórnmálastarfsemi
- Að þrýsta á aðra starfsmenn Alcoa að styðja stjórnmálaskoðanir þínar
- Að nota stöðu þína hjá Alcoa til að reyna að hafa óviðeigandi áhrif á birgja, viðskiptavini eða aðra viðskiptafélaga til að styðja stjórnmálaskoðanir þínar
- Að lýsa því yfir að Alcoa deili persónulegum pólitískum skoðunum þínum
- Að taka þátt í hagsmunagæslu eða opinberum málum fyrir hönd Alcoa án fyrirframsamþykkis skrifstofu samskipta við stjórnvöld (Government Affairs)



Hlekkir:

[Stefna um samskipti við stjórnvöld](#)
[Starfsreglur um ráðningu þriðja aðila hagsmunaverði og fulltrúa grasrótarsamtaka](#)
[Stefna um framlag til stjórnmálaflokka](#)

Fyrirspurnir og rannsóknir á vegum stjórnvalda

Alcoa vinnur að fullu í samstarfi við stjórnvöld vegna viðeigandi heimildarbeiðna og rannsóknarmála.

Þín ábyrgð

- Hafðu tafarlaust samband við lögfræðideild Alcoa til að ræða viðeigandi meðferð opinberra rannsókna og heimsókna sem og allar beiðnir stjórnvalda um skjöl frá Alcoa (aðrar en venjulegar beiðnir sem eru eðlilegur hluti af starfi þínu).
- Gefðu alltaf nákvæmar og sannar upplýsingar sem svar við beiðnum stjórnvalda.
- Aldrei breyta, halda eftir eða eyða skráum sem tengjast rannsókn ríkisins.



Árangur



Öruggur vinnustaður

Áhersla okkar á öryggi felur í sér skuldbindingu um að viðhalda öruggu vinnuumhverfi. Sérhver starfsmaður Alcoa gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að vinnustað sem er laus við ofbeldi, hótanir og þvinganir.

Þín ábyrgð

- Fylgdu öllum öryggisreglum á starfsstöðinni þinni.
- Komdu aldrei með vopn í vinnuna. Vopn teljast m.a., en takmarkast ekki við, skotvopn (byssur), sverð, sprengiefni og hver annan hlutur sem hefur þann tilgang eða notkun að valda skaða.
- Aldrei gera eða segja nokkuð sem gæti valdið ótta eða óöryggi hjá öðrum.
- Tilkynntu um grunsamlega einstaklinga, hótanir um ofbeldi, nærveru vopna eða hvers kyns áhyggjur sem þú gætir haft af persónulegu öryggi þínu til yfirmanns þíns, mannauðsteymis, öryggisfulltrúa á staðnum eða [Heilindalínunnar](#) eins fljótt og auðið er.
- Í neyðartilvikum skal fylgja staðbundnum neyðartilkynningaaðferðum eða hafa samband við yfirvöld.



Hlekkir:
[Alþjóðleg öryggisstefna](#)




Vímuefna- og áfengislaus vinnustaður

Starf okkar krefst þess að við séum vel vakandi, nákvæm og viðbragðsfljót. Þess er vænst af starfsmönnum Alcoa að þeir sinni sínum skyldustörfum án þess að vera undir áhrifum fíkniefna eða áfengis, sem geta haft stefnt í hættu öryggi, framleiðni og dómgreind og leitt af sér alvarleg slys. Ólögleg lyf, eftirlitsskyld efni og misnotuð lausasöluþyf eða lyfseðilsskyld lyf eiga ekki heima á vinnustaðnum okkar.

Þín ábyrgð

- Mættu í vinnuna laus við áhrif frá vímuefnum eða áfengi
- Ekki taka þessi efni með þér í vinnuna, nota þau í vinnunni eða gefa þau öðrum
- Láttu yfirmann þinn vita ef þú ert að taka lyf sem gæti haft áhrif á vinnuna þína
- Þú ættir strax að tilkynna ef þér finnst samstarfsmaður vera undir áhrifum í vinnunni.
- Leitaðu aðstoðar hjá heilsugæslu eða trúnaðarlækni ef þú átt við vímuefna- eða áfengisvandamál að stríða



Gæðamál

Gæði vöru og þjónustu sem við veitum viðskiptavinum okkar eru mikilvæg fyrir áframhaldandi velgengni okkar og til þess að viðhalda arðbærum vexti. Að einbeita sér að gæðum þýðir að uppfylla kröfur viðskiptavina okkar og afhenda vörur og þjónustu í réttum gæðum, á réttum tíma og á umsömdu verði.

Þín ábyrgð

- Þú skalt búast við sömu hegðun frá birgjum okkar og viðskiptavinir okkar búast við af okkur.
- Fylgdu öllum gæðaeftirlitsstöðlum, kröfum viðskiptavina og vöruprófunaraðferðum.
- Segðu frá ef þú uppgötvar raunverulegt eða hugsanlegt vandamál varðandi vörugæði eða öryggi. „Ef þú sérð eitthvað, segðu eitthvað.“
- Forðastu að breyta vörum, hlutum eða þjónustulýsingu, nema með leyfi viðskiptavinarins og gildandi reglugerðir eða viðskiptavenjur leyfi.



Sp.: Við munum ekki geta staðið við þann sendingardag sem við lofuðum fyrir pöntun á álbörum vegna þess að endanlegri vöruprófun verður ekki lokið í tæka tíð. Kúnninn hefur áður samþykkt sendingu á pöntunum við svona aðstæður. Getum við sent þessa pöntun án þess að öllum prófunum sé lokið?

Sv.: Nei. Sölusamningurinn við viðskiptavininn krefst þess að varan sé að fullu í samræmi við allar umsamda skilmála áður en hún er send. Það þarf að fá skjalfest samþykki viðskiptavina til að senda vöru sem vitað er að er ekki í samræmi við pöntun eða þar sem tilskildri vöruprófun er ekki lokið.



Hlekkir:
[Gæðastefna](#)

Viðskiptavensli

Við metum viðskiptavini okkar mikils og komum fram við þá af sanngirni. Markmið okkar er að byggja upp heiðarleg og gagnsæ tengsl byggð á gagnkvæmu trausti. Með því að finna leiðir til að skapa verðmæti fyrir viðskiptavini okkar, vinnum við þegar þeir vinna.

Þín ábyrgð

- Heiðraðu skuldbindingar okkar og samningsbundnar kröfur.
- Segðu satt frá þegar þú talar um vörur okkar, þjónustu og verð.
- Hlustaðu á viðskiptavini okkar og íhugaðu sjónarmið þeirra þegar ákvarðanir eru teknar.
- Leitastu við að sjá fyrir, bregðast við, mæta eða fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar.



Samskipti við birgja

Samskipti okkar við birgja eru byggð á löglegum, heiðarlegum og sanngjörnum starfsháttum. Þó að við viðurkennum og virðum mismunandi laga- og menningarumhverfi sem birgjar okkar starfa í, erum við aðeins í samstarfi við birgja sem fylgja siðferðilegum, löglegum og sjálfbærum starfsháttum hvar sem þeir eru staðsettir.

Þín ábyrgð

- Leitaðu að hagnýtustu lausninni fyrir Alcoa, með hliðsjón af umhverfislegum, félagslegum (þar á meðal mannréttindum), stjórnarfarslegum og efnahagslegum áhrifum þegar þú kaupir vörur og þjónustu.
- Láttu fara fram viðeigandi áreiðanleikakönnun varðandi birgja sem hluta af birgjavalsferlinu.
- Notaðu birgja sem Alcoa hefur samþykkt með gildandi samningum þegar mögulegt er.
- Fáðu samkeppnishæf tilboð og semja í góðri trú, án hagsmunaárekstra við val á birgjum og úthlutun verks.
- Ekki þiggja, bjóða eða greiða mútur og greiða.
- Framkvæmdu greiðslur til þess einstaklings eða fyrirtækis sem raunverulega veitir vöruna eða þjónustuna og í því landi sem tengist viðskiptunum.
- Haltu birgjaupplýsingum (svo sem verðlagningu, hugverkaréttindum, samkeppnisforskoti) sem trúnaðarmáli og ekki deila þeim með öðrum birgjum, samkeppnisaðilum eða þriðja aðila (nema heimild sé af einhverjum ástæðum til staðar).

- Hafðu samband við SupplierSustainability@alcoa.com eða Heilindalínuna ef þig grunar að birgir uppfylli ekki staðla okkar.

Staðlar birgja

Við eigum aðeins viðskipti við birgja sem fara að gildandi lögum og notum aldrei vísitandi birgja sem:

- Veita óörugga þjónustu eða vörur
- Nýta sér barnaþrælkun eða aðra nauðungarvinnu
- Nota líkamlegar refsingar til að aga starfsmenn jafnvel þó það sé leyfilegt samkvæmt staðarlögum
- Starfa ekki í fullu samræmi við lög og á umhverfisvænan hátt



Sp.: Ég sé um innkaup á vöru fyrir Alcoa. Eftir mat á samkeppnishæfum tilboðum lítur birgir A út fyrir að vera besti kosturinn miðað við verð, gæði og skilmála. Hins vegar hefur yfirmaður minn falið mér að semja við birgja B, sem bauð hærra verð og á óhagstæðari samningsskilmálum. Yfirmaður minn sagði að einn af fjölskyldumeðlimum hans ynni hjá birgi B og þeir myndu vilja eiga í viðskiptum við Alcoa. Hvað ætti ég að gera?

Sv.: Þú ert ábyrg fyrir því að leita að besta tilboðinu fyrir Alcoa á grundvelli hlutlægra viðmiða samkvæmt stefnu um hagsmunaárekstra. Ef þér finnst óþægilegt að ræða áhyggjur þínar við yfirmann þinn, hafðu samband við einhvern aðila í hjálparkeðjunni sem birt er í siðareglunum.



Hlekkir:
[Handbók um verklag í alþjóðlegu innkaupaferli](#)
[Staðlar varðandi birgja](#)



Umhyggja

Stefna Alcoa Corporation um vinnustað án áreitni og eineltis

Við væntum þess að vinnustaðir okkar séu án áreitni, eineltis, móðgana og ókurteisi. Áreitni og einelti eru ekki umborin hjá Alcoa. Óásættanleg hegðun felur m.a. í sér óvelkomna munnlega, líkamlega eða aðra tjáningu sem skapar ógnandi, niðurlægjandi, móðgandi eða fjandsamlegt vinnuumhverfi. Það er mikilvægt að hafa í huga að áreitni er skilgreind samkvæmt þeim áhrifum sem aðgerðir hafa á aðra einstaklinga. Við eigum öll skilið reisin og virðingu.

Þín ábyrgð

- Komdu fram við aðra á heiðarlegan og kurteisan hátt
- Láttu vita ef þú verður vitni að því að komið er fram við einhvern á óréttmætan eða ókurteisan hátt
- Forðastu að sýna hegðun sem hægt væri að kalla áreitni eða einelti
- Ef þú ert ábyrg/ur fyrir ráðningum, brottrekstri, launaákvörðunum, stöðuhækkunum eða agaaðgerðum, skaltu einblína á verðleika einstaklingsins, hæfni, reynslu og frammistöðu.

Hvað er áreitni?

Áreitni er óviðunandi, fjandsamleg eða móðgandi aðgerð sem beinist gegn hverjum sem er og felur m.a. í sér:

- Að segja óviðeigandi brandara eða gera athugasemdir — það sem þér finnst fyndið getur verið móðgandi fyrir aðra
- Að stríða samstarfsmanni um kynþátt þeirra, litarhátt, trú, þjóðernisuppruna, fötlun, kynhneigð, kynvitund/tjáningu, stöðu, erfðafræðilegar upplýsingar, kyn eða aldur
- Einelti
- Að deila óumbeðnum skoðunum um kynhneigð einstaklings eða kynvitund/tjáningu
- Að koma með kynferðislega framganga eða beiðnir eða deila kynferðislega grófu eða öðru óviðeigandi efni



Sp.: Samstarfsmaður sagði móðgandi brandara í kvöldverði með viðskiptavini utan vinnustaðar. Eiga siðareglurnar við í þeirri stöðu?

Sv.: Já. Það á við um vinnu okkar hvar sem við erum. Það felur meðal annars í sér hvað við gerum í fasteignum og á lóðum í eigu Alcoa, á fundum utan svæðis, á ferðalögum og í vinnutengdu félagsstarfi.



Hlekkir:
[Stefna Alcoa Corporation um vinnustað án áreitni og eineltis](#)

Persónuvernd

Við berum öll ábyrgð á að vernda persónuupplýsingar samstarfsmanna okkar, viðskiptavina, birgja og annarra sem við eigum viðskipti við. Jafnvel innan Alcoa ætti aðeins að deila persónuupplýsingum með þeim sem þurfa á þeim að halda til að gegna starfi sínu. Viðunandi öryggisráðstafanir ættu að vera til staðar til að tryggja að upplýsingarnar séu ekki birtar neinum öðrum.

Okkar ábyrgð

- Þér ber að skilja og fylgja öllum gildandi lögum, stefnum og verklagsreglum þegar unnið er með persónuupplýsingar. Þetta felur í sér hvernig þeim er safnað, þær notaðar, geymdar, deilt og eytt.
- Notaðu aðeins og biðu um lágmarks nauðsynlegar persónuupplýsingar ef það er algjörlega nauðsynlegt og þú vinnur aðeins úr persónuupplýsingunum sem safnað er í þeim tilgangi sem þeim er ætlað. Forðastu að safna persónuupplýsingum oftari en einu sinni og varðveittu gögnin eins og tilgreint er í áætlun Alcoa um varðveislu gagna.
- Ef þú færð vitneskju um öryggisatvik sem leiðir til eyðileggingar, taps, breytinga, óheimilrar birtingar á eða aðgangs að persónuupplýsingum fyrir slysi eða ólöglega, skaltu tafarlaust tilkynna það til AlcoaDPO@alcoa.com.
- Starfsmenn Alcoa sem birta vísitandi eða misnota persónuupplýsingar verða gerðir ábyrgir og gætu átt yfir höfði sér agaviðurlög og borgaraleg og refsiverð viðurlög.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar um skráðan, persónugreinanlegan einstakling. Persónuupplýsingar geta verið í rafrænu eða prentuðu formi. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um þær hjá Alcoa:

- nafn, fæðingardagur, kennitala eða önnur númer á persónuskilríkjum;
- tengslaupplýsingar, svo sem pósthfang, tölvupósthfang og símanúmer;
- upplýsingar um heilsufar eða læknisfræðilegar upplýsingar
- upplýsingar sem geymdar eru í skjölum vegna starfsmanns, t.d. starfsreynsla og frammistöðumat
- upplýsingar sem safnað er í umsóknar- og ráðningarferli
- upplýsingar sem tengjast hlunnindum starfsmanns, þ.m.t. nöfn nánustu ættingja, bótabega og upplýsingar um tryggingarskírteini
- nöfn stjórnenda hjá Alcoa á vefsíðu, t.d. vinnusímanúmer, tölvupósthfang á vinnustað, mynd og heimilisfang vinnustaðar
- síðuhæð á tölvupósti, til/frá
- skrá yfir símanúmer eða talhólf starfsmanns



Sp.: Starfsmaður er að gera lista yfir starfsmenn í hans deild sem munu heimsækja starfsstöð Alcoa daginn eftir. Hann er búinn að senda tölvupóst til starfsmannanna til þess að biðja um fullt nafn, staðsetningu vinnustöðva þeirra og nafn yfirmanns til þess að fá útgefna gestapassa. Einnig finnst starfsmanninum það góð hugmynd að safna heimilisfangi starfsmannanna því þær upplýsingar gætu komið sér vel einhvern tíma í framtíðinni. Ætti starfsmaðurinn að safna meiri upplýsingum (þ.e. heimilisfangi) frá starfsmönnum?

Sv.: Nei, því þessar upplýsingar eru ekki nauðsynlegar í þeim tilgangi sem söfnun upplýsinga tekur til í þessu tilviki.



Hlekkir:
[Persónuverndarstefna](#)
[Persónuverndarstaðall](#)

Mannréttindi

Alcoa viðurkennir ábyrgð sína að virða mannréttindi. Stefnur fyrirtækisins setja fram væntingar okkar til starfsmanna og birgja sem og skuldbindingu okkar við leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi og kjarnasáttmála Alþjóðavinnuáráðs Alþjóðavinnuáráðs.

Þín ábyrgð

- Notaðu aldrei barnavinnu eða nauðungarvinnu í atvinnustarfsemi okkar.
- Hafðu samband við Heilindalínuna ef þig grunar að birgir Alcoa eða annar viðskiptafélagi noti barnavinnu eða nauðungarvinnu í starfsemi sinni.
- Virtu frelsi einstakra starfsmanna til að gerast félagar, eða gerast ekki félagar, í löglegum samtökum eða félögum.
- Taktu á heiðarlegan og ábyrgan þátt í samskiptum við samfélögin, þar á meðal frumbyggja og landtengda þjóða, á þeim stöðum sem við erum með rekstur, gerum hagkvæmnisathugun eða göngum frá lokuðum stöðum.
- Aldrei skerða heilsu eða öryggi í hagnaðarskyni eða til framleiðslu.
- Komdu fram við aðra á sanngjarnan og jafnan hátt í öllum ráðningartengdum ákvörðunum og stuðlaðu að vinnuumhverfi sem er laust við áreitni og einelti.
- Tryggðu að öryggisaðgerðir fari fram í samræmi við mannréttindareglur.

Alcoa er þátttakandi í Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, en það er stefnumótandi framtaksstefna fyrir fyrirtæki sem eru staðráðin í að samræma starfsemi sína og áætlanir við almennt viðurkenndar meginreglur á sviði mannréttinda, vinnuafis, umhverfismála og gegn spillingu.



Hlekkir:
[Mannréttindastefna](#)
[Stefna varðandi frumbyggja](#)

Meðtalning og fjölbreytileiki

Alcoa leitast við að bjóða vinnustað þar sem traust og virðing ríkir og starfsmenn eru allir taldir með, enginn skilinn eftir útundan, og þessi sýn okkar endurspeglar fjölbreytileikann í þeim samfélögum þar sem við störfum. Með því að byggja upp hæfileikaríkt og fjölbreytt starfslið styrkjum við fyrirtækið okkar og samkeppnishæfni þess. Sérhvert okkar hefur mikilvægu hlutverki að gegna í að skapa opinn vinnustað án aðgreiningar, þar sem hver einasti einstaklingur getur frjálsglega lagt sitt af mörkum til velgengni Alcoa. Hjá Alcoa tökum við með opnum örmum mismunandi bakgrunni, menningu og viðhorfum vinnufélaga okkar og kunnum að meta sérkenni hvers annars.

Okkar ábyrgð

- Að breyta eigin hegðun til að stuðla að því að ólíkur bakgrunnur og sjónarhorn séu tekin með.
- Að vera talsmenn fólks sem er ólíkt okkur sjálfum.
- Að koma fram við aðra á réttlátan og sanngjarnan hátt í allri ákvarðanatöku sem tengist starfi.
- Að viðurkenna áhrif ólíkra menningarheima á gildi og hegðun.
- Að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hlutdrægni hafi áhrif á hegðun okkar.
- Að segja frá ef við verðum vitni að aðgerðum sem einkennast af mismunun eða aðra hegðun sem útilokar vissa einstaklinga.

Vertu bandamaður fyrir meðtalningu og fjölbreytileika

Hvað er bandamaður?

Bandamaður er einhver sem styður, stuðlar að og stefnir að því að efla menningu án aðgreiningar með ásetningu, jákvæðri og meðvitaðri viðleitni sem gagnast öðrum hópum en sínum eigin. Allir geta gerst bandamenn.

Hvernig gerist ég bandamaður?

- Vertu talsmaður annarra þegar þú verður vitni að hleypidómum, einelti eða mismunun sem kemur fram í orðum eða aðgerðum.
- Kynnstu öðrum með því að bjóða fólki sem þú átt yfirleitt ekki samskipti við í hádegismat eða í kaffi. Þú getur gert þetta í eigin persónu eða rafrænt. Nýttu það tækifæri til þess að kynnast öðrum starfsmönnum - hver tómsundaiðja, áhugamál og bakgrunnur þeirra eru.
- Reyndu að vinna með öðrum með því að leita vísitandi eftir sjónarmiðum fólks frá ólíkum bakgrunni eða með ólíka reynslu, sérstaklega þegar unnið er að lausn vandamála.
- Notaðu tungumál án aðgreiningar — verið meðvituð um kynbundin hugtök og notið tungumál sem nær yfir allar tegundir fólks.



Hlekkir:
[Jafnréttisstefna](#)



Hugrekki



Sjálfbærni

Áð efla sjálfbærni er stefnumótandi forgangsverkefni fyrirtækisins okkar. Hvert okkar er ábyrgt fyrir því að starfa ávallt á öruggan hátt, vernda umhverfið og efla samfélagslega ábyrgð.

Öryggi

Þar sem við metum mannlíf umfram allt annað, erum við staðráðin í að vinna á öruggan hátt og stuðla að vellíðan. Við berum sameiginlega ábyrgð á því að vernda okkur sjálf og samstarfsmenn okkar með því að sinna störfum okkar á öruggan og ábyrgan hátt. Sama hvar þú vinnur eða hvert starf þitt er, settu öryggi í forgang. Við leitumst stöðugt við að draga úr hættu á veikindum og meiðslum á hverju ári og munum ekki skerða UHÖ skuldbindingu okkar.

Þín ábyrgð

- Aldrei víkja frá öruggri og sannreyndri aðferð til að framkvæma verkefni. Ef þú ert ekki viss skaltu ekki halda áfram - hættu og leitaðu aðstoðar.
- Tilkynntu tafarlaust um allar öryggistengdar áhyggjur, frávik og atvik, jafnvel þótt enginn hafi slasast.
- Notaðu þessi sex grundvallaratriði öryggismálum á hverjum degi:
 1. Fylgdu öruggum vinnubrögðum og reyndu með fyrirbyggjandi hætti að bæta þau.
 2. Gerðu þér grein fyrir áhættunni við verkið þitt og þekktu mikilvægustu varnarlögin sem þarf til að draga úr áhættunni.
 3. Áður en þú byrjar að vinna skaltu ganga úr skugga um að allar öryggisráðstafanir séu til staðar.
 4. Farðu eftir öllum verklagsáætlunum og leyfum og virtu öryggismörk.
 5. Haltu vinnuumhverfi okkar hreinu, skipulögðu og öruggu.
 6. Hættu vinnu eða stöðvaðu aðra og leitaðu aðstoðar þegar þú áttar þig á hættuástandi eða ekki er hægt að vinna verkið samkvæmt áætlun og verklagsreglum.



Sp.: Ég vinn í verksmiðju. Einn af samstarfsmönnum mínum fer ekki alltaf eftir læsa-merkja-prófa ferlinu áður en verk er hafið. Á ég að segja eitthvað?

Sv.: Já. Verklagið er til staðar til að koma í veg fyrir að hættuleg orka geti slasað einhvern lífshættulega eða alvarlega. Með því að fylgja ekki verklaginu setur samstarfsmaður þinn sjálfan sig og hugsanlega aðra í hættu á lífshættulegum meiðslum. Láttu heyra í þér, hættu að vinna og leitaðu aðstoðar.



Hlekkir:
[UHÖ staðlar](#)
[UHÖ sýn, gildi, markmið og stefna](#)

Umhverfi

Alcoa hefur skuldbundið sig til að starfa á þann hátt að virða og vernda umhverfið hvar sem við störfum. Við munum ekki fórna skuldbindingu okkar við umhverfismál fyrir hagnað eða framleiðslu. Við svörum spurningum og áhyggjuefnum um aðgerðir okkar í umhverfismálum og áhrif starfsemi okkar á umhverfið á heiðarlegan og ábyrgan hátt.

Þín ábyrgð

- Fylgdu öllum gildandi lögum, stefnum og umhverfisstöðlum.
- Skildu hlutverk þitt við að tryggja að farið sé eftir starfsleyfi okkar.
- Hjálpaðu til við að finna leiðir til að minnka umhverfisfótspor okkar og halda áfram að bæta frammistöðu okkar í umhverfismálum.



Sp.: Yfirmaður minn bað mig um að nota nýja aðferð við förgun úrgangs, en ég er ekki viss um að það sé öruggt eða jafnvel löglegt. Hvað ætti ég að gera?

Sv.: Aldrei giska á hvað þú ættir að gera varðandi verklag í umhverfismálum. Hafðu samband við yfirmann þinn til að ganga úr skugga um að þú hafi skilið hann rétt. Ef þú hefur enn áhyggjur skaltu hafa samband við stjórnendur þessar starfsstöðvar, UHÖ eða einhvern í hjálparkeðjunni sem birt er í siðareglunum.



Hlekkir:
[Stefna um líffræðilegan fjölbreytileika](#)
[Loftslagsstefna](#)
[UHÖ staðlar](#)
[UHÖ sýn, gildi, markmið og stefna](#)
[Vatnsverndarstefna](#)

Samfélagsábyrgð

Starfsemi okkar hefur áhrif á starfsmenn okkar, samfélög og vistkerfi. Við verðum stöðugt að ávinna okkur rétt okkar til að starfa í samfélaginu með því að sýna virðingu okkar fyrir velferð samfélaga okkar, umhverfinu og mannréttindum. Við skiljum mikilvægi þess að eiga gagnsæjar og opnar samræður við hagsmunaaðila okkar, sérstaklega samfélögin sem fóstura okkur, og við vinnum að því að byggja upp menningu þar sem traust ríkir.

Þín ábyrgð

- Virtu staðbundin viðmið og siði samfélagsins þar sem við störfum.
 - Leitastu við að bæta lífsgæði og sýna umhyggju fyrir umhverfinu í öllum samskiptum.
 - Tökum höndum saman með hagsmunaaðilum á staðnum til að tryggja að við:
 - Skiljum öll málefni og áhyggjur hagsmunaaðila
 - Veitum þeim viðeigandi upplýsingar
- Lágörkum áhrif á hagsmunaaðila
 - Samræmdu samstarf við forgangsröðun samfélagsins.
 - Hafðu samband við Alcoa Foundation til að fá leiðbeiningar um hvernig fyrirtæki þitt eða starfsemi getur stutt verðug verkefni í samfélögum okkar.



Hlekkir:

[Mannréttindastefna](#)
[Stefna varðandi frumbyggja](#)
[Samfélagsstefna](#)



A photograph showing a large stack of aluminum coils. The coils are arranged in several rows, with each coil resting on a wooden pallet. The coils are wrapped in a protective material, likely paper or plastic, and secured with green straps. The ends of the coils are visible, showing a circular cross-section with a brushed metal finish. The lighting is bright, highlighting the metallic texture and the repetitive pattern of the coils.

Atriðisorðaskrá

Atriðisorðaskrá

A, Á

Aðstoð	5, 6, 8, 27
Agi	30, 32
Alþjóðaviðskipti	2, 20, 21
Áfengi	2, 27
Áreitni	2, 5, 7, 11, 32, 34, 35
Ávana- og fíkniefni	27

B

Bandarísk lög um spillingu (FCPA)	10
Barnaþrælkun	30, 34
Birgjar	14, 22, 23, 28, 30, 33, 34
Bókhald og skrár	42

E

Eignir	2, 12, 18, 23
Einelti	2, 32, 34
Einokunarlög	2, 14
Embættismenn	7, 10, 11, 13

F

Fjárhagsgögn	7, 18
Fjölbreytileiki	2, 23, 35
Fjölmiðlabeðið og birtingar	43
Fyrirgreiðslur (grease payments)	2, 24
Fyrirsp. og rannsóknir á vegum stjórnvalda	2, 24

G

Gagnaleynd	2, 19, 33
Gjafir	2, 10, 11, 13
Gæði	28, 30, 40

H

Hagsmunaárekstrar	12, 30
Handbók um fjármálastjórnun	17
Hefndaraðgerðir	5, 6, 7, 8, 11
Heilindahjálparkeðja Alcoa	5, 8
Heilindalínan	5, 6, 7, 8, 28, 30, 34
Heilsa	33, 34, 38
Hugverkaréttur	18, 30
Hvatningargreiðslur	42

I

Innflutningur	20
Innherjaviðskipti	16
Innkaup	5, 6, 8, 30

L

Lyf	27
-----	----

M

Mannréttindi	2, 34, 40
Meðtalning	2, 35
Mikilvægar óopinberar upplýsingar	16
Milligöngumenn	

N

Nauðungarvinna	30, 34
----------------	--------

O

Ofbeldi	26
---------	----

P

Peningaþvætti	2, 15
Persónuupplýsingar	33
Persónuvernd	2, 19, 22, 33

R

Risna	11, 13
Ríkissamningar	42

S

Samfélagsmiðlar	22
Samfélagsleg ábyrgð	2, 38, 40
Samkeppni, samkeppnisaðilar	42
Samskipti við almenning	43
Siðferðileg vandamál	6
Sjálfbærni	2, 30
Skrár	13, 17, 24
Sniðganga á vörum	20
Spilling	2, 7, 10, 11, 13, 15, 17, 34
Starfsgreinafélög og ráðstefnur	43
Stjórnmalapáttaka og framlög	43

Atriðisorðaskrá, frh.

T

Tilkynna áhyggjuefni	43
Trúnaðarupplýsingar	18, 19
Tölvupóstur	7, 8, 17, 18, 20, 33
Tölvur	42

U, Ú

Umhverfi/UHÖ	42
Útflutningur	20, 21

V

Velferð	38
Viðskiptareglur	2, 20, 21
Viðskiptavinir	4, 5, 14, 15, 22, 23, 28, 29, 33
Vinna fyrir aðra en Alcoa	12
Virðing	23, 30, 32, 34, 39, 40
Vopn	26
Vörumerki	43

Y

Yfirmaður	4, 5, 6, 7, 8, 11, 16, 26, 27, 30, 33, 39
-----------	---

Ö

Öryggi (safety)	2, 17, 26, 27, 28, 34, 38
Öryggi (security)	5, 6, 8, 20, 26, 33, 34



Alcoa

©2022 Alcoa. Öll réttindi áskilin.